

Utanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Utanríkismálanefnd
Sendandi: Utanríkisráðuneytið; viðskiptasvið
Dagsetning: 06.05.2008
Málsnúmer: 99090468
Bréfalykill: 85.E.612

Efni: Minnisblað varðandi þingsályktunartillögu um heimild til fullgildingar á fríverslunarsamningi EFTA og Kanada, 543. mál

Í tengslum við framlagningu þingsályktunartillögu varðandi heimild til fullgildingar á fríverslunarsamningi EFTA og Kanada hefur utanríkismálanefnd Alþingis óskað eftir upplýsingum um tiltekin atriði er varða samninginn og tvíhliða landbúnaðarsamning Íslands og Kanada. Annars vegar um það, að hve miklu leyti tollfríðindi sem Ísland veitir samkvæmt tvíhliða landbúnaðarsamningi Íslands við Kanada séu viðtækari en þau fríðindi sem veitt hafa verið öðrum ríkjum á grundvelli sambærilegra samninga. Hins vegar um það hvernig horfi við varðandi breytingar á lögum sem varða efni fríverslunarsamninga. Í minnisblaði þessu er leitast við að svara þessum spurningum.

I. Tollfríðindi sem Ísland veitir Kanada samkvæmt tvíhliða landbúnaðarsamningi, samanborið við aðra sambærilega samninga:

Sú fríðindameðferð sem Ísland veitir Kanada samkvæmt viðauka 2 við landbúnaðarsamning ríkjanna hefur, með einni undantekningu, þegar verið veitt fyrir vörur sem upprunnar eru í löndum Evrópusambandsins. Eina undantekningin er sú að í samningnum við Kanada er veitt lækkun á tolli af frystum, sneiddum eða skornum kartöflum (tollskrárnúmer 2004.1002), úr 76% í 46%. Slík lækkun er tilkomin vegna þess að Kanada sótti það mjög hart í fríverslunarviðræðunum að EFTA-ríkin felldu niður eða lækkuðu tolla á slíkar vörur. Má jafnvel ganga svo langt að fullyrða að fríðindameðferð fyrir þessar vörur hafi verið forsenda þess að það tókst að ljúka samningum.

Þá hefur sú fríðindameðferð sem veitt er í samningnum við Kanada einnig verið veitt í mörgum þeirra tvíhliða landbúnaðarsamninga sem Ísland hefur gert í tengslum við fríverslunarsamninga EFTA ríkjanna, hvað varðar flestar þeirra vara sem taldar eru upp í viðauka 2.

II. Lagabreytingar vegna skuldbindinga í fríverslunarsamningum:

a) Lækkun tolla:

1. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga nr. 88/2005 kveður á um niðurfellingu og lækkun tolla í samræmi við ákvæði fríverslunarsamninga. Í ákvæðinu segir:

“Tollur skal lækka, falla niður eða endurgreiðast í eftirfarandi tilvikum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru:

1. Í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. [...]”

Í ljósi fyrrgreinds ákvæðis tollalaga verður ekki talið að þörf sé á sérstakri lagabreytingu hverju sinni vegna lækkunar tolla á grundvelli fríverslunarsamnings. Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga er fullnægjandi að þessu leyti, þ.e. tollana ber að fella niður eða lækka frá og með gildistökudegi samningsins hvað Ísland varðar.

b) Aðrar hugsanlegar skuldbindingar:

Fríverslunarsamningar fela í ýmsum tilvikum í sér annars konar skuldbindingar en lækkun tolla. Ekki er unnt að gefa einhlítt svar við því hvort slíkar skuldbindingar kalli á lagabreytingar hverju sinni. Skoða verður í einstökum tilvikum atriði eins og hvert eðli þeirrar skuldbindingar er sem um er að ræða og gildandi lagaákvæði á viðkomandi sviði. Þó má segja að þær skuldbindingar sem kveðið er á um í fríverslunarsamningum EFTA séu að jafnaði ekki þess eðlis að þær kalli á lagabreytingar